



## 4. fundur stjórnar Aftureldingar 8. september 2010

Fundur settur kl. 17:15

Mætt: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Ásmundur Pálsson og Anna Sigríður Guðnadóttir. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

- 1) Starfslýsingar og verkaskipting stjórnarmanna.
- 2) Undirbúningur fundar með stjórnnum deilda.
- 3) Viðræður við bæinn, markmið, samninganefnd.
- 4) Búningamál.
- 5) Uppskeruhátíð.
- 6) Íslandsbanki og undirritun samnings
- 7) Aðstöðumál (starfsfólk)
- 8) Samskipti stuðningsmannafélaga og Aftureldingar
- 9) Handbolli (stefna frá Húsasmiðjunni vegna jólatrjákaupa)
- 10) Upplýsingavefur UMFA
- 11) Önnur mál

### 1) Starfslýsingar og verkaskipting stjórnarmanna.

Drög að verkaskiptingu sem dreift hafði verið til stjórnarmanna á 2. fundi stjórnar þann 10. júní 2010 voru rædd og samþykkt með þeim breytingum sem lagðar voru til. Verkaskipting stjórnar verður kynnt á fundi með stjórnnum deilda 16. september.

### 2) Undirbúningur fundar með stjórnnum deilda.

Dreift var drögum að dagskrá sem gjaldkeri og framkvæmdastjóri höfðu sett saman. Drögin rædd og samþykkt með þeim breytingum sem lagðar voru til. Fundurinn verður í sal Varmárskóla fimmtudag 16. september.

### 3) Viðræður við bæinn, markmið, samninganefnd.

Nú fara í hönd samningaviðræður við Mosfellsbæ. Á fundinum voru rædd helstu samningsmarkmið og fara þau helstu hér á eftir.

- Fylgja eftir stefnu félagsins um heilbrigt líf og hreyfingu allra. Kallar á faglega umgjörð og vinnubrögð. Félagið þarfnast 3 starfsmanna, framkvæmdastjóra, skrifstofumanns og íþróttafulltrúa/fagstjóra. Aðstaða starfsmanna og félagsstarfs verði bætt.

- Fjármögnun barna- og unglingsstarfs verði sjálfbær, þ.e. iðkendagjöld, framlag bæjarins og sjálfboðastarf nægi til að fjármagna starfið. Ekki þurfi sérstakar fjáraflanir til að fjármagna grunnstarfsemi.

- Afreksstarf verði eft. Mikilvæg fyrirmynd í barna- og unglíngastarfi. Samið verði um beina styrki inn í starfið sem og árangurstengda bónusa. Með sjálfbærni barna- og unglíngastarfs aukast möguleikar meistaraflokka og eldri iðkenda á að ná styrktarsamningum og fjáröflunum.

- Þjónustusamningar um rekstur íþróttahúsa. Íþróttamannvirki verði andlit UMFA. Samræma rekstur mannvirkja og félagsins hvað varðar ráðstöfun tíma og daglegan rekstur. Huga að búnaði ekki nóg að hafa hús. Rekstrarsamningur sem skapar tekjur inn í rekstur félagsins.

Samninganefnd verður skipuð formanni, framkvæmdastjóra og varaformanni. Samninganefnd útfærir samningsmarkmið nánar.

#### **4) Búningamál.**

Búninganefnd sem skipuð var á 2. formannafundi tímabilsins þann 14. júní síðastliðinn hefur lokið fyrsta áfanga verkefnis síns. Tilboð í búninga búrúst frá fimm aðilum.

Tillaga búninganefndar og framkvæmdastjóra er að ganga til samninga við fyrirtækið Safalinn sem selur Errea vörur. Það fyrirtæki reyndist vera með hagstæðasta tilboðið hvað varðar verð og gæði og stuðning við félagið.

Aðalstjórn samþykkir þessa tillögu búninganefndar og felur nefndinni að vinna að vali á fatnaði.

#### **5) Uppskeruhátíð.**

Uppskeruhátíðin verður haldin 9. október sbr. ákvörðun stjórnar 18. ágúst.

Framkvæmdastjóri sér um að senda út tilmæli til deilda um að skila inn tilnefningum til stjórnar um íþróttamann Aftureldingar fyrir föstudag 17. september. Einnig skulu þær senda inn upplýsingar um hversu mörg verðlaun verða veitt í hverjum aldursflokki innan hvernar deildar. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri sjá um að finna fólk í undirbúningsnefnd Uppskeruhátíðar.

#### **6) Íslandsbanki og undirritun samnings.**

Eins og rætt hefur verið á fyrri fundum stjórnar þá hefur miðað vel í samningum við Íslandsbanka um skuldaskil. Niðurstaða er á næsta leiti og undirritun verður á næstu dögum.

#### **7) Aðstöðumál (starfsfólk UMFA)**

Það er löngu ljóst að vinnuástaða starfsmanna UMFA stendur starfseminni fyrir þrífum. Félagið þarf nauðsynlega að fá betri aðstöðu fyrir sitt starfsfólk. Þetta mál verður að nýju tekið sérstaklega upp við bæjaryfirvöld. Formaður hefur áður rætt við bæjaryfirvöld um það að félagið fengi aðra kennslustofu og hafði bæjarstjóri tekið vel í þá hugmynd.

#### **8) Samskipti stuðningsmannafélaga og Aftureldingar**

Af gefnu tilefni áréttar aðalstjórn að undir engum kringumstæðum er leyfilegt að blanda saman rekstri félagsins eða deilda þess við einstök stuðningsmannafélög. Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við forsvarsmenn Eldingar og eftir atvikum forsvarsmenn annarra stuðningsmannafélaga til að koma á fullum aðskilnaði fjármála deildanna annars vegar og stuðningsmannafélaganna hins vegar.

#### **9) Handbolti (stefna frá Húsasmiðjunni vegna jólatrjáakaupa)**

Þetta mál er í vinnslu og ekki ástæða til að ætla annað en að þessi stefna verði felld niður.

#### **10) Upplýsingavefur UMFA**

Upplýsingavefur UMFA uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru um sveigjanleika umsjónarkerfis eða efnisskipulag og innihald að mati stjórnar og fjölmargra félagsmanna. Aðalstjórn felur ritara og

framkvæmdastjóra að mynda vefhóp sem hefur það verkefni að endurskipuleggja vefinn og efnisinnihald hans sem og að finna vefumsjónarkerfi sem betur hentar félaginu.

**11) Önnur mál.**

Skoðun á útgjaldasamningum félagsins er hafin í samræmi við ákvörðun aðalstjórnar 18.ágúst.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 21. september kl. 17:15

Fundi slitið kl. 19:30

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**